

Félageldriborgara á Seltjarnarnesi - FEBSEL

Fundargerð

Fundarstaður: Félagsaðstaðaelðriborgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5-7

Fundartími: 16. ágúst kl. 16.30

Mættir: Inga Hersteinsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Stefán Bergmann, Helgi Hjaltason, Þóra Einarsdóttir og Ragnheiður Haraldsdóttir semritaðifundargerð. Kristbjörg Ólafsdóttir boðaðiforföll. Gestur fundarins var Kristín Hannesdóttir.

Fundarefni:

1. Sigríður setur fundinn og býður gest fundarins velkominn.
2. Kristín Hannesdóttir gerir grein fyrir vetrardagskrá sem er í undirbúningi. Hún mun senda okkur drög til skoðunar á næstunni, en áætlunin er heldur seinna á ferðinni en venjulega. Rætt um mikilvægi þess að við höfum meira samráð, til hagsbóta fyrir eldri borgara á Nesinu.
3. Stjórn FebSel gerir grein fyrir fyrirhugaðri dagskrá haustsins á okkar vegum. FebSel mun halda áfram með gönguferðir með haustinu, einn úr okkar hópi leiði í hvert sinn. Gengið er í um 45 mín., eða 4 km. á föstudögum kl 10.30. Göngurnar hefjast 8. september nk. Gert er ráð fyrir tveimur félagsfundum í haust, 19. september og 31. október í Bókasafninu. Á fyrra fundinum ræðir Páll Líndal um um búsetuskilyrði og öryggismál, en á hinum síðari ræðir Pálmi V. Jónsson um heilbrigðismál og líðan eldri borgara. Fundirnir verða væntanlega kl. 17-19. Skoðaðir verða möguleikar á frekara samstarfi við Bókasafnið. Uppbygging á félagsaðstöðu í Félagsheimilinu gengur mjög hægt og ekki unnt að gera ráð fyrir aðstöðu þar á næstunni.
4. SÓ og KÓ hittu Hildigunni formann Öldrunarráðsins vegna bréfs frá heilbrigðisráðuneyti og fámálaráðuneyti vegna verkefnisins „Það er gott að eldast.“ Sú hugmynd var reifuð hvort Seltjarnarnes vilji vera eitt tilraunabæjarfélaganna í því verkefni. Óskir okkar um að það verði skoðað hefur verið komið til bæjarráðs.
5. Næsti fundur verður 29.08 kl.16.30.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17.30

RH